

Alþingi  
Erindi nr. P 122/192  
komudagur 21.11.197

Lífeyrissjóður Félags Íslenskra Stjórnunarstarfsmanna Á Keflavíkurflugvelli.  
P.O. BOX 82, 235 KEFLAVÍKURFLUGVÖLLUR, SÍMI:425-4110

Frá: Lífeyrissjóði Félags Íslenskra Stjórnunarstarfsmanna  
Á Keflavíkurflugvelli (LFÍSK), (Séreignasjóður).

Til: Formanns efnahags- og viðskiptanefndar alþingis.

Efni: Athugasemdir við lífeyrissjóðafrumvarp.

Stjórn LFÍSK óskar eftir að koma á framfæri eftirfarandi athugasemdum við framlagt frumvarp um lífeyrissjóði.

1. Í 4. grein frumvarpsins er gert ráð fyrir að sjóðsfélaga sé tryggður lífeyrir, sem sé 56% af þeim mánaðarlaunum sem greitt er af. Stjórn LFÍSK þykir eðlilegt að þarna sé jafnframt sett inn krónutala, sem teljist lágmarkstryggingavernd og taki t.d. mið af þeirri upphæð sem fram kemur í 6. grein frumvarpsins, eða krónur 120.000. Þessi upphæð myndi síðan taka sömu vísitölubreytingum og frumvarpið gerir ráð fyrir sbr. t.d. grein 7. Ekki verður séð að eðlilegt sé að þvinga mann, sem haft hefur eina milljón í mánaðarlaun, að taka 560 þúsund krónur á mánuði í lífeyrisgreiðslur. Telja verður að einhver lágmarkstryggingavernd eigi að nægja.
2. Í grein 14 segir að greiða skuli lífeyri með jöfnum greiðslum til æviloka. Í séreignasjóðum fær sjóðsfélagi einungis greidda þá upphæð sem hann á inni í sjóðnum. Ef sjóðsfélagi óskar eftir að greiðslur til hans dreifist á t.d. 20 ár ætti lágmarkstryggingavernd (sjá breytingatillögu við 4. grein) að nægja sem lífeyrir. Þar með opnaðist sá möguleiki að taka meira en lágmarkstryggingavernd segir til um fyrstu árin, en minnka síðan greiðslurnar, en þó aldrei niður fyrir krónutölu þeirrar lágmarkstryggingaverndar sem tilgreind er í breytingatillögu við 4. grein. Ef séreignasjóður tryggði sjóðsfélaga með ævitryggingu t.d. hjá tryggingafélagi ætti iðgjald fyrir sjóðsfélaga, sem tæki lífeyri úr séreignasjóði til t.d. 80 til 85 ára aldurs, að vera mjög lágt.

Það er öllum ljóst að á fyrstu árunum eftir að taka lífeyris hefst er fjárþörf meiri, en á síðari hlutanum.

Meðfylgjandi eru útreikningar á lífeyrisgreiðslum til einstaklings sem hefur haft 1 milljón á mánuði. Settir eru fram þrjár eftirlaunamöguleikar. Bent er á að samkvæmt eftirlaunum "B" og "C"

hefur einstaklingurinn "sparnað" 7 til 13 milljónir. Þessi ráðstöfun greiðslu eftirlauna til þessa ákveðna einstaklings hefur því í för með sér að töluverðir fjármunir hafa farið í sparnað, en samkvæmt frumvarpinu er aukinn sparnaður eitt af meginatriðum þess.

Keflavíkurflugvelli, 18.11.1997.  
f.h. Lífeyrissjóðs F.Í.S.K.

*Einar Róbert Árnason*  
Einar Róbert Árnason

Afrit sent til Steingríms Ara Arasonar

**Dæmi tekið um mann(XX), sem hefur 1 milljón í laun á mánuði og greiðir í séreignasjóð.**

Samkvæmt 56% reglunni verður hann að ná 560 þús. krónum á mánuði í lífeyri, sem þýðir að hann verður að eiga rúmlega kr. 53 milljónir í lífeyrissjóðnum þegar hann byrjar töku lífeyris.

Gert er ráð fyrir að taka lífeyris hefjist þann 1.1.2000 og inneign verði tekin út á 10 árum.

ÁR	NAFN	Mánaðargr.	Ársgreiðsla	Höfuðstóll 1, jan. 2000	Eftirst.höfuðst 31.12.	Eftirst höfuðst að viðb.vöxt
2000	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	53,000,000	46,280,000	48,871,680
2001	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	48,871,680	42,151,680	44,512,174
2002	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	44,512,174	37,792,174	39,908,536
2003	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	39,908,536	33,188,536	35,047,094
2004	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	35,047,094	28,327,094	29,913,411
2005	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	29,913,411	23,193,411	24,492,242
2006	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	24,492,242	17,772,242	18,767,488
2007	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	18,767,488	12,047,488	12,722,147
2008	Lífeyrissjóður séreign	560,000	6,720,000	12,722,147	6,002,147	6,338,267
2009	Lífeyrissjóður séreign	530,000	6,360,000	6,338,267	-21,733	-22,950

**Samtals Kr. 66,840,000**

**XX mundi örugglega vilja taka inneign sína út á lengri tíma en 10 árum, t.d. 15 til 20 árum.**

Einnig er líklegt að XX mundi vilja taka aðeins meira út á fyrri hluta tímabilsins en minna á því seinna.

**Sjá "EFTIRLAUN " B og C.**

Reiknað með um  
5,4% raunávöxtur  
á ári í 10 ár.

**Dæmi tekið um mann (XX), sem hefur 1 milljón í laun á mánuði og greiðir í séreignasjóð.**

Sami maður og í dæmi "A". Á 53 milljónir í séreignasjóði, þegar hann byrjar töku lífeyris.

Gert er ráð fyrir að taka lífeyris hefjist þann 1.1.2000 og inneign verði tekin út á 15 árum.

Nú er gert ráð fyrir að þessi maður geti tekið út meira á fyrri hluta tímabilsins en minna á seinni hlutanum.

ÁR	NAFN	Mánaðargr.	Ársgreiðsla	Höfuðstóll 1. jan. 2000	Eftirst.höfuðst 31.12.	Eftirst höfuðst að viðb.vöxt	
2000	Lífeyrissjóður séreign	500,000	6,000,000	53,000,000	47,000,000	49,632,000	Reiknað með um 5,4% raunávöxtun á ári í 15 ár.
2001	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	49,632,000	44,232,000	46,708,992	
2002	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	46,708,992	41,308,992	43,622,296	
2003	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	43,622,296	38,222,296	40,362,744	
2004	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	40,362,744	34,962,744	36,920,658	
2005	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	36,920,658	31,520,658	33,285,815	
2006	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	33,285,815	27,885,815	29,447,420	
2007	Lífeyrissjóður séreign	400,000	4,800,000	29,447,420	24,647,420	26,027,676	
2008	Lífeyrissjóður séreign	400,000	4,800,000	26,027,676	21,227,676	22,416,426	
2009	Lífeyrissjóður séreign	400,000	4,800,000	22,416,426	17,616,426	18,602,945	
2010	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	18,602,945	14,402,945	15,209,510	
2011	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	15,209,510	11,009,510	11,626,043	
2012	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	11,626,043	7,426,043	7,841,901	
2013	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	7,841,901	3,641,901	3,845,848	
2014	Lífeyrissjóður séreign	320,000	3,840,000	3,845,848	5,848	6,175	
		<b>Samtals Kr.</b>	<b>73,440,000</b>				

XX mundi jafnvel vilja taka út inneign sína út á 20 árum, eða 25 árum hafi hann verið um 60 ára, þegar taka lífeyris hófst.

Sjá "EFTIRLAUN" C.

**Dæmi tekið um mann (XX), sem hefur 1 milljón í laun á mánuði og greiðir í séreignasjóð.**  
 Sami maður og í dæmi "A" og "B". Á 53 milljónir í séreignasjóði, þegar hann byrjar töku lífeyris.  
 Gert er ráð fyrir að taka lífeyris hefjist þann 1.1.2000 og inneign verði tekin út á 20 árum.  
 Gert ráð fyrir að XX taki út meira á fyrri hluta tímabilsins en minna á seinni hlutanum.

ÁR	NAFN	Mánaðargr.	Ársgreiðsla	Höfuðstóll 1. jan. 2000	Eftirst.höfuðst. 31.12.	Eftirst höfuðst að viðb.vöxt	
2000	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	53,000,000	47,600,000	50,265,600	Reiknað með um 5,4% raunávöxtun á ári í 20 ár.
2001	Lífeyrissjóður séreign	450,000	5,400,000	50,265,600	44,865,600	47,378,074	
2002	Lífeyrissjóður séreign	400,000	4,800,000	47,378,074	42,578,074	44,962,446	
2003	Lífeyrissjóður séreign	400,000	4,800,000	44,962,446	40,162,446	42,411,543	
2004	Lífeyrissjóður séreign	375,000	4,500,000	42,411,543	37,911,543	40,034,589	
2005	Lífeyrissjóður séreign	375,000	4,500,000	40,034,589	35,534,589	37,524,526	
2006	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	37,524,526	33,324,526	35,190,700	
2007	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	35,190,700	30,990,700	32,726,179	
2008	Lífeyrissjóður séreign	350,000	4,200,000	32,726,179	28,526,179	30,123,645	
2009	Lífeyrissjóður séreign	325,000	3,900,000	30,123,645	26,223,645	27,692,169	
2010	Lífeyrissjóður séreign	325,000	3,900,000	27,692,169	23,792,169	25,124,530	
2011	Lífeyrissjóður séreign	325,000	3,900,000	25,124,530	21,224,530	22,413,104	
2012	Lífeyrissjóður séreign	325,000	3,900,000	22,413,104	18,513,104	19,549,838	
2013	Lífeyrissjóður séreign	325,000	3,900,000	19,549,838	15,649,838	16,526,229	
2014	Lífeyrissjóður séreign	300,000	3,600,000	16,526,229	12,926,229	13,650,097	
2015	Lífeyrissjóður séreign	300,000	3,600,000	13,650,097	10,050,097	10,612,903	
2016	Lífeyrissjóður séreign	250,000	3,000,000	10,612,903	7,612,903	8,039,226	

2017 Lífeyrissjóður séreign	250,000	3,000,000	8,039,226	5,039,226	5,321,422
2018 Lífeyrissjóður séreign	250,000	3,000,000	5,321,422	2,321,422	2,451,422
2019 Lífeyrissjóður séreign	200,000	2,400,000	2,451,422	51,422	54,301
<b>Samtals Kr.</b>		<b>80,100,000</b>			